

31. október 1986

921

Nr. 447

## REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 7. nóvember 1986 til 31. janúar 1987 að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvíta, að vestan markast svæðið af 23'0 42'0 V og að norðan af 64 20'0 N.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 31. október 1986.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eypórsson.*

31. október 1986

Nr. 448

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.,  
nr. 787 13. desember 1983.

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Umsóknir um þátttöku í námskeiði skal senda Bifreiðaeftirliti ríkisins.

Þátttökuskilyrði eru að umsækjandi:

- a) hafi náð 19 ára aldri, og
- b) hafi haft réttindi til aksturs bifreiðar síðustu 6 mánuði.

Umsókn skal fylgja læknisvottorð samkvæmt 2. tölulið 2. gr. Umsækjandi skal sanna að hann uppfylli skilyrði b-liðar með því að framvísa ökuskírteini.

B 78